

**SVEINN ÓLAFUR GUNNARSSON**  
Skeiðin lendir senn í ramma og uppi á vegg  
• heimili  
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**RAGNAR AXELSSON**  
Heimildarmynd um Grænlandsferðir í bígerð  
Norska ríkissjónvarpið áhugasamt  
**FÓLK 22**



**ÓLAFUR EINARSSON**  
Færra ungt fólk í lýtaaðgerðir  
Bjóstaaðgerðir hafa hækað í verði  
**FÓLK 22**



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. mars 2009 — 65. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

### Eldhugi ársins

Páll Theódórsson eðlisfræðingur á hugsanlega eftir að sýna fram á að saga Íslandsbyggðar sé 150 árum lengri en tímatal Ara fróða segir til um.



TÍMAMÓT 12

### Hamangangur hjá Banks

Sex slösuðust og þrjú voru handteknir fyrir utan inntökupróf hjá Tyru Banks.



FÓLK 15


### Norðmenn áberandi

Stjórnur kreppunnar koma frá frændþjóðinni í Noregi.

FÓLK 17


### 1-0 fyrir Keflavík

Keflavík vann átta stiga sigur á nágrönnum sínum úr Njarðvík í úrslitakeppni karlakörfunnar.



ÍDRÓTTIR 18

### VEÐRIÐ Í DAG



**SKÚRIR EÐA ÉL** Í dag verða suðvestan 5-10 m/s viðast hvar en þó allt að 18 m/s úti við suður- og suðausturströndina. Skúrir eða él sunnan til og vestan en úrkomulítið annars staðar. Híti 1-8 stig.

VEÐUR 4

## Sjálfstæðisflokkur á móti skylduskráningu

VG, Samfylking og Framsókn vilja skylda þingmenn til að skrá fjárhagslega hagsmuni sína, en Sjálfstæðisflokkur vill að þingmenn ráði þessu sjálfir. Samfylking vill að þingmenn skrái skuldur líka. Rætt verður um reglurnar í forsætisnefnd Alþingis í dag.

**STJÓRN MÁL** Sjálfstæðisflokkur sker sig frá öðrum flokkum í afstöðu sinni til reglna um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum þingmanna. Hann vill að þingmenn ákveði sjálfir hvort þeir skrái þessar upplýsingar eða ekki. Rætt verður um reglurnar í forsætisnefnd Alþingis í dag.

„Þeir sem gefa kost á sér til stjórnmalastarfs hljóta að geta valið um það með hvaða hætti þeir sýna sín fjármál,“ segir Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður sjálfstæðismanna.

Vinstri græn vilja hins vegar að

í stað reglna verði sett lög. Brot á þeim yrðu refsiverð.

Samfylking telur téð valfrelsi draga úr því gagnsæi sem stefnt er að, og eins Framsókn. Þá vill Samfylking að þingmenn greini frá skuldum sínum líka.

Forsætisnefnd sendi flokkunum drög að þessum reglum í mars 2007. Guðbjartur Hannesson, forseti Alþingis, vill ljúka málinu á fundi nefndarinnar í dag, eða í síðasta lagi eftir viku: „Ég ætla rétt að vona að þetta klárast fyrir kosningar, og hef trú á því.“

Samkvæmt drögunum er þing-

mönnum leyft að skrá tekjur af störfum utan þings, og stóra eignarhluta í félögum. Þá geta þeir sagt frá stuðningi félagasamtaka, ferðalögum sem greidd eru utan úr bæ og gjöfum, sem geta tengst þingsetu. Einnig frá fjárhagslegu samkomulagi við vinnuveitendur. Makar þingmanna falla ekki undir reglurnar.

Upplýsingarnar skal skrá innan mánaðar eftir að nýtt þing kemur saman og gera aðgengilegar almenningi tuttugu dögum síðar. Frjálýslyndir veittu blaðinu ekki upplýsingar um sína afstöðu. - kóp



**MEISTARATAKTAR** Thelma Rut Hermannsdóttir, fimleikakona úr Gerplu, sýnir hér glæsilegar æfingar á gólfi þar sem hún vann eitt af þremur gullum sínum á Íslandsmótinu í áhaldaþímleikum um helgina. Allir Íslandsmeistararnir á mótinu eru í Gerplu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Indefence-hópurinn afhendir 83.000 undirskriftir í breska þinginu:

## Ræða misbeitingu valds

**UTANRÍKISMÁL** Indefence-hópurinn svonefndi, sem efndi í vetur til undirskriftasöfnunar á netinu til að mótmæla ákvörðun breskra stjórnvalda að beita hryðjuverkavarnalögum gegn íslenskum bönkum og stjórnvöldum í október síðastliðnum, mun á morgun, þriðjudag, afhenda þær rúmlega 83.000 undirskriftir sem safnast hafa við athöfn í breska þinginu í Westminster í Lundúnum.

Á móti undirskriftunum taka þingmenn úr tengslanefnd breska þingsins við Alþingi, en auk þeirra munu fulltrúar indefence-hópsins hitta Evrópumálaráðherrann Caroline Flint og Angelu Eagle, æðsta fulltrúa þingsins gagnvart fjármálaráðuneytinu.

„Íslendingar hafa ekki formlega mótmælt beitingu hryðjuverklaganna hingað til,“ segir Ólafur Elíasson, einn indefence-manna.

„Við munum krefja þá bresku ráðamenn sem við hittum skýringa á því hvers vegna hryðjuverkalögum var beitt gegn Íslendingum og koma á framfæri röksemdum okkar fyrir því hve mikil misbeiting valds fólst í þeirri ákvörðun.“

Ólafur segir kjarna málsins þann að með beitingu þessara umdeildu laga hafi bresk stjórnvöld gert sig sek um að beita litla bandalagsþjóð „handrúkkunaraðferðum“. - aa



**HJALTALÍN** Hljómsveitin Hjaltalín verður sett á spilunarlista á heimasíðu Diesel.

## Hljómsveitin Hjaltalín: Á spilunarlista Diesel-síðunnar

Lagið Traffic Music með Hjaltalín verður sett á spilunarlista á heimasíðu fataframleiðandans Diesel eftir um það bil viku. Hægt verður að hlaða niður podcast-útgáfu af listanum en síðasta útgáfa af þessu tagi var sótt í yfir 1,5 milljónum eintaka.

Kynningin fyrir hljómsveitina og plötu hennar Sleepdrunk Seasons er því gríðarlega mikil. „Þetta hljómar rosa vel. Við hljótum að vera ánægð með þetta,“ segir söngkonan Sigríður Thorlacius. Hægt verður að gefa lögnum einkunn og í framhaldinu mun Diesel fjármagna tónlistarmyndband fyrir þá hljómsveit sem fær hæstu einkunn.

- fb / sjá síðu 22.

Prófkjör helgarinnar:

## Þingmenn halda velli

**STJÓRN MÁL** Að minnsta kosti 32 þingmenn héldu sæti sínu ef úrslit kosninganna yrðu álika og í síðustu skoðanakönnun Gallup samkvæmt úttekt Einar Mars Þórðarsonar stjórnmálafræðings.

Birkir J. Jónsson náði efsta sæti á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi en Höskuldur Þórhallsson er í öðru sæti. Lúóvík Geirsson sem lenti í þriðja sæti í prófkjöri Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi vill að 147 atkvæði, sem úrskurðað voru ógild, verði talin. - jse / sjá síðu 6

**Kringlucast**  
20-50% afsláttur af nýjum vörum  
Ópið til 18.30 Lokadagur  
Kringlan

muundu eftir mjólkinni!  
**muu**

Kafbátur mánaðarins  
**BMIT**  
SUBWAY  
6 tommu bátur **349 kr.**  
Gildir í mars 2009  
Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjórnmáli



# 92% ÍSLENDINGA TELJA ÞAÐ VERA MIKILVÆGT AÐ SPARISJÓÐIRNIR STARFI **ÁFRAM** Á ÍSLENSKUM FJÁRMÁLAMARKAÐI\*



\*Gögn m.v. rannsókn sem framkvæmd var 3. til 5. mars 2009 á einstaklingum 18 til 67 ára. Rannsóknin var framkvæmd af MMR (Markaðs- og miðlarannsóknir).

Við þökkum kærlega fyrir stuðninginn!

Kveðja,  
starfsfólk sparísjóðanna




SPARISJÓÐIRNIR  
Á ÍSLANDI  
– áfram fyrir þig og þína

Sparisjóðirnir á Íslandi samanstanda af Byr sparísjóði, SPRON og öllum öðrum sparísjóðum á landinu.






## Tryggjum samkeppni

Við erum einu fjármála-fyrirtækin á Íslandi sem veita alla almenna bankþjónustu og starfa án atbeina ríkisvaldsins.



## Ný framtíðarsýn

Framtíðarsýn sparísjóðanna er að byggja á enn hagkvæmari rekstrareiningum með áherslu á persónulega þjónustu í námunda við þig.







100 KALL Á HAUS

☎ 90 15 100

STÖNDUM SAMAN!

Hvert símtal kostar **100 krónur** sem renna óskiptar til aðstoðar innanlands.

## Landssöfnun Rauða kross Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar hefst í dag

Nú söfnum við til hjálpar öllum landsmönnum sem finna til á erfiðum tímum. Markmiðið er að safna **100 krónum** frá hverju einasta mannsbarni á landinu – samtals 32 milljónum. Fénu verjum við til góðra verka fyrir alla landsmenn sem standa frammi fyrir erfiðleikum, hvort sem þörfin er fyrir matarúthlutun eða sálrænan stuðning. Stöndum saman og gefum **100 krónur** fyrir hvern og einn í fjölskyldunni.



Símenn, Tal, Nova og Vodafone gefa allan kostnað við innhringingar svo 100 kallinn rennur óskiptur til góðra verka. Spron, Landsbankinn, Íslandsbanki og Kaupþing styrkja birtingar auglýsinga. Þeim sem vilja leggja fram hærra upphæð er bent á söfnunarreikninginn: 1151-26-3500



# VERÐSPRENGJA!

**35% AFSLÁTTUR AF KING KOIL HEILSURÚMUM!**

# HEILSURÚM

Sökum efnahagsástandsins ákvað Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar, að bjóða Íslendingum **25% AFSLÁTT** af öllum King Koil heilsurúmum.

Nú vill Rekkjan gera enn betur og bætir við **10% AUKAAFSLÆTTI**.

Það þýðir **35% AFSLÁTTUR** af öllum King Koil rúmum í Rekkjunni næstu daga.

**Komdu og fáðu þér hágæða rúm á einstöku tilboði.**

Með öllum keyptum rúmum er **25% AFSLÁTTUR** af öllum vörum í mjúku deild Rekkjunnar.

#### CASTAWAY

- 7 svæðaskipt svæfsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Studningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tíhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svæfsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

CASTAWAY  
Queen size (153x203)  
Verð 220.000 kr.

**KK-TILBOÐ**

**165**

**= 5%**

**AFSLÁTTUR!**

**KK+REKKJAN**

**TILBOÐ**

**143.000 kr.**

**= 77.000 kr.**

**AFSLÁTTUR!**

**100.750 kr.**

**= 54.250 kr.**

**AFSLÁTTUR!**

AVERY  
Queen size (153x203)  
Verð 155.000 kr.

#### AVERY

- 5 svæðaskipt svæfsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Studningur við bak
- Tíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

#### ADVENTURE

- 7 svæðaskipt svæfsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefsvæði er úr þrýstjöfnunarsvampi og latexi sem skorid er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Studningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

ADVENTURE  
Queen size (153x203)  
Verð 303.900 kr.

**KK-TILBOÐ**

**227**

**= 7%**

**AFSLÁTTUR!**

**KK+REKKJAN**

**TILBOÐ**

**197.535 kr.**

**= 106.365 kr.**

**AFSLÁTTUR!**

## FERMINGARTILBOÐ

# 30% AFSLÁTTUR!

Comfort Zone rúmin aðlaga sig á ótrúlegan hátt að líkamanum, hafa einstaka þyngdardreifingu og veita slökun sem er á fárra færi.

COMFORT ZONE  
(120x200)  
Verð 132.900 kr.

**FERMINGARTILBOÐ**  
**93.030 kr.**

COMFORT ZONE  
(97x200)  
Verð 116.900 kr.

**FERMINGARTILBOÐ**  
**81.830 kr.**

#### COMFORT ZONE

- 5 svæðaskipt svæfsvæði
- 5 svæðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Þrýstjöfnunarsvampi í svefsvæði

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

# rekkjan

H E I L S U R Ú M



1. Í hvaða stjórnmalaflokki er Karl V. Matthíasson?
2. Hvers konar veitingastaður er Eldhúsið við Laugaveg?
3. Við hverja mun íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu leika um næstu helgi?

SVÖR Á SÍÐU 22

Stefna að því að kynna stofnefnahagsreikning Keflavíkurflugvallar ohf. í lok mars:

## Vilja færa eignir til félagsins

**SAMGÖNGUR** Enn er unnið að því að koma saman stofnefnahagsreikningi Keflavíkurflugvallar ohf., nýs opinbers hlutafélags á Keflavíkurflugvelli. Stefnt er á framhaldsstofnfund fyrir lok mars þar sem efnahagsreikningurinn verður kynntur, segir Jón Gunnarsson, stjórnarformaður félagsins.

Keflavíkurflugvöllur ohf. varð til með sameiningu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, og tók til starfa um síðustu áramót.

Erfitt hefur verið að koma saman stofnefnahagsreikningi félagsins, enda staðan talsvert önnur en þegar stofnun þess var ákveðin.



**FÆKKUN** Farþegum sem fara um Keflavíkurflugvöll hefur fækkað undanfarið, en fjöldinn er í samræmi við nýjustu áætlanir segir stjórnarformaður félagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Erlend lán félagsins hafa fækkað, og farþegum sem fara um flugvöll-

inn fækkað. Þá hefur velta fríhafnarinnar minnkað.

Jón segir að nú sé unnið hörðum höndum að því að auka eigið fé félagsins. Þar sem fé liggja ekki á lausu hjá ríkinu þessa dagana sé reynt að styrkja efnahagsreikninginn með því að færa eignir inn í félagið, svo stofnefnahagsreikningur verði ásætlanlegur. Hann verði varla eins digur og upphaflega hafi verið ráðgert, þótt hann verði viðunandi fyrir félagið.

Ekki stendur til að flytja eignir sem mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins greiddi fyrir til félagsins, þótt það muni fá afnotarétt að sumum þeirra, segir Jón.

Ráðstefna um strandgæslu: Gæslan mikilvægur hlekkur


**ÖRYGGISMÁL** Landhelgisgæslan er öflugur hlekkur í keðju strandgæslna og sjóherja við N-Atlantshaf. Þetta var ein af niðurstöðum ráðstefnu samtaka strandgæslna og sjóherja tuttugu þjóða á Norður-Atlantshafi (NACGF) sem lauk á Hótel Sögu á fimmtudag.

Umsjón og skipulagning var í höndum Landhelgisgæslunnar en formaður NACGF er Georg Kr. Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, og gegnir Ísland því lykilhlutverki við að móta starfsemi samtakanna. Rússland, Bandaríkin og Kanada eiga aðild að samtökunum auk sautján Evrópuþjóða.

-shá

**Neytendur:** Hugsað um umhverfið við bílpvott

## Burt með tjöruna



**DR. GUNNUR**  
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Ari Trausti Guðmundsson skrifði til að vara við vafasömum aðferðum við að ná skít vetrarins af bílum. „Það er hættulegt að nota blöndu af steinolíu, terpentínu og öðrum efnum því að lokum blandast þessi skaðlegu efni grunnvatni eða sjó. Einn lítri af steinolíu sem er lítið rokgjörn mengar tugþúsundir eða hundruð þúsunda lítra af vatni og allt að milljón ef grannit er skoðað. Noti 10.000 reykvískir bíleigendur einn lítra hver af steinolíu á vetri er verið að dreifa næstum 10 tonnum af vökvanum út í náttúruna. Færu þau þannig í einu lagi, væri það talið mengunarslys. Á landsvísu er árleg dreifing mjög mengandi tjöruleysiefna á þennan hátt miklum mun meiri en talan segir til um.“



Ein sem óskar nafnleynar hefur fundið góða lausn á þessu vandaamáli: „Í stað þess að kaupa rándýra og ógeðslega eitruða og náttúrumengandi tjörueyða, er frábært ráð að taka með sér venjulegan uppbyggilög (ég nota kons-

entreraðan uppbyggilög sem ég kaup í Bónus) og fara út á Shell þvottaplanid við Hótel Sögu,“ skrifar hún. „Þar er volgt vatn í bílapvottakústunum og þeir eiga heiður skilinn fyrir að detta það í hug einir manna að því ég best veit. Það mætti beina því til annarra að skrifa frá heita vatninu. Þegar heita vatnið og uppbyggilögurinn er notaður rennur því líkt allt ógeðið af bílnum og þetta er ódýrt og mengar ekki náttúruna.“

## Innri endurskoðunardagur 2009

Hilton Reykjavík Nordica

Föstudagurinn 20. mars kl. 8:30-13:00

Ráðstefnustjóri *Katrín Ólafsdóttir*, lektor við Háskólann í Reykjavík og formaður endurskoðunarnefndar Íslandsbanka

8:00-8:30

**Skráning og afhending gagna**

8:30-8:40

**Ráðstefnan sett**

*Gylfi Magnússon*, viðskiptaráðherra, setur ráðstefnuna

8:40-9:40

**Internal audit under the current economic circumstances**

*Frank Alvern*, Chief Internal Auditor and Head of Business Support in Group Internal Audit, Nordea Bank

9:40-10:10

**Hlutverk endurskoðunarnefnda**

*Ólafur B. Kristinsson*, endurskoðandi, PwC

10:10-10:30

**Kaffi**

10:30-11:00

**Stjórnarhættir fyrirtækja**

*Guðfinna S. Bjarnadóttir*, alþingismaður og fv. rektor HR

11:00-11:30

**Gagnrýnin hugsun**

*Salvör Nordal*, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands

11:30-12:15

**Quality assessment reviews on internal audit departments**

*Jean-Pierre Garitte*, Internal Audit Leader for Europe, Middle-East and Africa, Deloitte

12:15-12:45

**Innri endurskoðun fjármálafyrirtækja – hvað hefði betur mátt fara?**

*Ágúst Hrafnkelsson*, innri endurskoðandi Íslandsbanka

12:45

**Ráðstefnuslit**

Erlendir fyrirlesarar flytja erindi sín á ensku.

Ráðstefnugjald: kr. 14.500

Námamat: Ráðstefnan gefur 4 einingar í endurmenntun hjá FIE, IIA og FLE.

Ráðstefnan er opin félagsmönnum FIE, FLE og öðrum þeim sem áhuga hafa. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is) ekki síðar en fyrir hádegi 19. mars nk.



**SÓLAR**  
**kapphlaup**  
**2009**

Verð frá:  
**9.900 kr.**  
Ótrúlegt verð - takmarkað framboð!!!

**Ef þú ætlar út í sumar þá er tækifærið núna!**

**Sólarkapphlaupi lýkur á föstudag!**

Fyrstur kemur, fyrstur fær.  
Nánari upplýsingar og bókanir á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

**plús**  
**FERDIR**  
[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

PLÚSFERDIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

VISA MasterCard



## Flutningur þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga: Tekur gildi eftir tvö ár

**SAMFÉLAGSMÁL** Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing um flutning þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Sveitarfélögin munu taka að sér ábyrgð á þjónustu við fatlaða í sambýlum og á áfangastöðum fatlaðra. Stefnt er að því að þetta taki gildi árið 2011.

Sveitarfélögin munu sinna frekari liðveislu í þjónustu og íbúðakjörnum og dagþjónustu við fatlaða sem ekki fellur undir vinnumál. Einnig verða heimili fyrir fötluð börn og skammtíamavistun á ábyrgð sveitarfélaganna ásamt ábyrgð á stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna.

Markmiðið er að bæta þjónustu við notendur, einfalda og skýra

verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og leggja áherslu á að verkefni skapist sem minnst þannig að eitt stjórnsýslustig beri að mestu leyti ábyrgð á almennri þjónustu við fatlaða.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, býst við að sveitarfélögin fái 10-12 milljarða frá ríkinu í verkefnið.

„Aðgerðin er tvíþætt, annars vegar er hægt að lækka tekjuskattinn um 1-2 prósent og hækka útsvarið á móti og hins vegar þarf að grípa til jöfnunaraðgerða því að sveitarfélögin eru misjafnlega stór og fjöldi fatlaðra misjafn,“ segir hann. - ghs



**FLUGVÉL JET-X FLUGFÉLAGSINS** Flugmenn þotu sem var að koma úr sólarlandafæri til Tyrklands voru örþreyttir eftir sautján tíma vakt þegar lent var við vond skilyrði að næturlagi á Keflavíkflugvelli í lok október 2007.

## Áminna ekki vegna úrvinda flugmanna

Flugmálastjórn segir ekki ástæðu til að áminna Jet-X eftir að þota endaði utan brautar á Keflavíkflugvelli með flugmennina úrvinda við stýrið og 188 farþega um borð. Hvíldarreglur voru ekki virtar.

**FLUGMÁL** Engin áminning var veitt vegna brota flugfélagsins Jet-X á reglum um hvíldartíma flugmanna þegar þota félagsins endaði utan brautar á Keflavíkflugvelli haustið 2007. Þetta kemur fram í svörum Flugmálastjórnar til Fréttablaðsins.

Alls voru 188 farþegar og átta manna áhöfn um borð í þotu Jet-X þegar hún rann út af braut í lendingu í Keflavík aðfaranótt 28. október 2007. Vélin var að koma úr leiguflogi til Tyrklands. Vakt flugmannanna var orðin lengri en reglur leyfðu, meðal annars vegna tafa við brottför og vegna millilendingar til eldsneytistöku í Skotlandi. Ísing var á brautinni.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu telur rannsóknarnefnd flugslysa að þetta hafi þjónuð flugmennina enda hafi þeir sjálfir kvartað undan mikilli þreytu 40 mínútum fyrir lendingu í Keflavík. Vaktin hjá þeim varð á endanum 17 klukkustundir og 20 mínútur.

„Ekki var talin ástæða til þess að gefa út formlega áminningu til Jet-X vegna þessa atviks, en félagið ákvað að nýta ekki áfram ákvæði um lengda flugvakt með aukinni áhöfn í kjölfar málsins,“ upplýsir Flugmálastjórn sem kveðst hafa farið ítarlega yfir málið með forsvarsmönnum Jet-X og skoðað framkvæmd þessara mála hjá fyrirtækinu. „Í kjölfar

þessa atviks gaf Flugmálastjórn út skýringarefni til íslenskra flugrekenda í flutningaflugi um með hvaða hætti flugrekendur skuli uppfylla ákvæði reglugerðar um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna sem var í gildi á þeim tíma sem óhappið átti sér stað.“

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði einnig athugasemdir við viðbúnað á jörðu niðri, meðal annars vegna hreinsunar flugbrauta og viðnámsmælinga. Aðspurð segist Flugmálastjórn ekki hafa gert athugasemdir við vinnulag og búnað á Keflavíkflugvelli í kjölfar atviksins með Jet-X þotuna. Vetrarhreinsun og viðnámsmælingar á flugvöllum séu teknar út reglulega og búast megi við að nýjar rannsóknir á viðnámsmælingum leiði til þess að nýjar kröfur og leiðbeiningar komi fljótlega fram.

Spurð um hversu algengt það sé að hvíldartími flugmanna sé ekki virtur svarar Flugmálastjórn að það heyri til undantekninga. Í reglugerð sem gilt hafi þegar Jet-X þotunni hlekkist á komi fram að hægt sé að lengja flugvakt upp að ákveðnum mörkum eigi sér stað ófyrirséðar aðstæður í flugstarfi. Reglulegar úttektir séu á rekstri íslenskra flugfélaga, meðal annars á flug- og vinnutímamörkum og hvíldartíma flugáhafna.

gar@frettabladid.is

# Ókeyppis námskeið og ráðgjöf

## Áhugaverð og gagnleg starfsemi í Rauðakrosshúsinu

### Allir velkomnir í Rauðakrosshúsið

Rauðakrosshúsið er miðstöð fyrir alla landsmenn þar sem einstaklingar og fjölskyldur geta leitað stuðnings við að takast á við breyttar aðstæður, fengið ráðgjöf um margvísleg úrræði sem bjóðast í samfélaginu - eða nýtt krafta sína öðrum til gagns. Öll þjónusta og viðburðir eru gestum að kostnaðarlausu.

### Fagaðilar veita ráðgjöf

Í Rauðakrosshúsinu getur fólk sótt sér sálrænan stuðning hjá fagaðilum úr áfallateymi Rauða krossins, prestum og djáknum sér að kostnaðarlausu. Sérþjalfaðir sjálfboðaliðar taka á móti fólki og aðstoða það við að finna úrræði við hæfi. Ýmsir aðrir sérfræðingar veita ráðgjöf.

### Félagsstarf og fræðsla

Rauðakrosshúsið er vettvangur fyrir ýmis konar félagsstarf og fræðslu (sjá nánari dagskrá á heimasíðunni raudakrosshusid.is). Þar er aðstoða fyrir börn, kaffihorn þar sem lesa má blöð og bækur, tölvuver, námskeið og ýmislegt fleira. Gestir eru hvattir til að nýta sér aðstöðuna og félagsskap annarra til að halda uppi lífandi starfi í Rauðakrosshúsinu. Dagleg starfsemi er í höndum sjálfboðaliða.

## Dagskrá vikuna 16. - 20. mars

### Kynning og umræður: Sálrænn stuðningur

**Mánudagur 16. mars kl. 14:30 - 16:00.** Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks og viðbrögð þess í kjölfar slíkra atburða. Bent verður á hvað er mikilvægt fyrir fólk að gera í þessu sambandi. Umræður í lokin.

### Námskeið: Sáttamiðlun

**Priðjudagur 17. mars kl. 14:30 - 16:00.** Kynnt grundvallaratiði í að setta deiluaðila í einka- og fjölskyldumálum. Í lok námskeiðs eru léttar verklegar æfingar og umræður.

### Kynning: Aðstæður ungmenna í Palestínu

**Priðjudagur 17. mars kl. 17:00 - 18:00.** Myndasýning og létt spjall um ferðalag íslenskra ungmenna til Palestínu.

### Kynning: Matarkarfan

**Miðvikudagur 18. mars kl. 14:30 - 15:30.** Nú skiptir hagsýni í matarinnkaupum höfuðmáli. Kynning á vefnum matarkarfan.is, besta vini buddunnar.

### Kynning: Verkefni Rauða kross Íslands

**Miðvikudagur 18. mars kl. 15:30 - 16:30.** Stutt kynning og umræður um helstu verkefni félagsins hér á landi. Gættir þú lagt eitthvað að mörkum?

### Námskeið: Ísgerð heima

**Fimmtudagur 19. mars kl. 14:30 - 16:30.** Ís er sú fæða sem kemur fólki helst til að brosa og kætir umfram annan mat. Fjallað er um ís og ísgerð og kynntar nýstárlegar aðferðir við að búa til gómsætan rjómaís, mjólkurís og jógúrtís á fljótleigan og einfaldan hátt. Bragðgott og hressandi námskeið.

### Kynning: Hjálparsíminn 1717 og Vinanet


**Fimmtudagur 19. mars kl. 16:30 - 17:30.** Vinanetið er netspjall fyrir ungt fólk. Hjálparsíminn veitir ráðgjöf til fólks á öllum aldri.

### Verkleg æfing: Endurlífgun og hjartarafstuðstæki

**Föstudagur 20. mars kl. 14:30 - 15:30.** Stutt verklegt námskeið sem getur gert þér kleift að bjarga mannlífi þegar mínútur skipta máli.

### Kynning: Rauðakrosshúsið


**Föstudagur 20. mars kl. 15:30 - 16:30.** Allir sem hafa áhuga á að kynna starfseminni eða vilja leggja sitt af mörkum eru velkomnir.





# IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR



Ein besta heilsudýna í heimi



iq-care.com

## ÍSLENSK HÖNNUN

ATH.  
Breyttir opnunartímar  
12:00-18:00 virka daga  
12:00-16:00 laugardaga

## MARS-TILBOÐ



### IQ-CARE

#### King

Áður 269.900

Nú 199.900

#### Cal. King

Áður 269.900

Nú 189.900

#### Queen

Áður 189.900

Nú 149.900



Sá nýjasti og besti frá Leggett

2x90 x 200 cm. Áður 684.900

Nú 499.000

### PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

2x80x200 cm. Áður 384.900

Nú 279.900



### FERMINGARTILBOÐ

#### Beauty Sleep

TwinXL 97x203 cm kr. 59.900

120x200 cm frá kr. 69.900

#### IQ-CARE

100X200 cm kr. 99.900



### 30% afsláttur

af fylgihlutum við dýnukaup



### 20-50% afsláttur

af völdum vörum



AKUREYRI

## Svefn & heilsa



REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150  
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

CHARLES DARWIN LÉST ÞENNA  
DAG ÁRIÐ 1882

„Hver sá sem vogar sér  
að sóa stundarkorni af  
jarðneskum tíma sínum  
hefur ekki enn uppgötvað  
hið sanna gildi lífsins.“

Charles Darwin var breskur  
náttúrufræðingur sem er  
þekktastur fyrir kenningu  
sína um þróun lífvera vegna  
náttúruvals.



## tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 16. MARS 1968

## Robert F. Kennedy í forsetaframboð

Robert Francis Kennedy, oftast kallaður Bobby Kennedy, var bandarískur stjórnmálamaður, dómsmálaráðgjafi og forsetaframboðandi, sem tilkynnti framboð sitt til forseta þennan dag fyrir 41 ári.

Robert var einn af yngri bræðrum Johns F. Kennedy Bandaríkjaforseta og gegndi embætti dómsmálaráðgjafa í ríkisstjórn hans á árunum 1961 til 1964. Hann var einn af nánustu samstarfsmönnum forsetans og einn helsti ráðgjafi hans í Kúbudeilunni. Eftir að John F. Kennedy var ráðinn af dögum 22. nóvember 1963 var Robert lýst sem gjörbreyttum manni. Hann gegndi embætti dómsmálaráðgjafa undir forsæti Lyndons B. Johnson, arftaka bróður síns í forsetastól, í níu mánuði, en lét af starfi í september 1964 og varð fulltrúi New York-



fylkis í öldungaráðinu í nóvember sama ár. Þeir Johnson höfðu þá oft eldað grátt silfur saman, en þá greindi mjög á um Vjetnamstríðið, sem og margt annað.

Snemma árs 1968 tilkynnti Robert að hann sæktist eftir tilnefningu demókrata til framboðs í forsetakosningum sama ár. Hann var skotinn til bana skömmu eftir miðnætti 5. júní 1968, í eldhúsi Ambassador-hótelins í Los Angeles, stuttu eftir að hafa tilkynnt um sigur sinn í undankosningum í Kaliforníu. Lyndon B. Johnson fyrirskipaði að 9. júní yrði opinber sorgardagur vegna harms almennings yfir ótímabærum og ranglátum dauða Roberts.

Kennedys er minnst fyrir framlag sitt til réttindabaráttu afrísk-ættaðra Bandaríkjamanna á sjötta og sjöunda áratug tuttugustu aldar.

### MERKISATBURÐIR

- 1657 Miklir jarðskjálftar ríða yfir Suðurland. Hús falla víða, einkum í Fljótshlíð.
- 1827 Freedom Journal, fyrsta dagblað blökkumanna, hefur útgáfu í Bandaríkjunum.
- 1836 Texas-fylki fær sína eigin stjórnarskrá.
- 1900 Sir Arthur Evans finnur forngríska borgina Knossos á Kít.
- 1939 Þjóðverjar hertaka Tékkóslóvakíu.
- 1980 Fjórtá hrina Kröfluelda hefst og var kallað skrautgos vegna fegurðarinnar.
- 1983 Samningar undirritaðir um kaup Reykjavíkurborgar á Víðey.
- 1991 Sjö meðlimir í hljómsveit kántrísongkonunnar Rebu McEntire farast í flugslysi.



NORRÆNA HÚSIÐ í erindi Ingólfs verður horft til þeirra breytinga sem hafa átt sér stað að undanförunni og skoðað hvaða áhrif þær geta haft á fjölskyldulíf fólks.


## Samskipti karla og kvenna rædd

Ingólfur V. Gíslason, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands, flytur erindið „Ég vildi ekki akta á þetta“, samskipti karla og kvenna í fjölskyldum nútímans, í Norræna húsinu milli 12 og 13 í dag. Erindið er það síðasta í fyrirlestraröð jafnréttisnefndar Háskóla Íslands um fjölskyldumál og jafnrétti.

„Samskipti kynjanna í sambúð og hjónabandi hafa þróast frá niðurnegldum hlutverkum byggðum á hefð til (takmarkaðra) samninga um verkaskipt-

ingu. Mara fortíðarinnar sýnir sig í því að konur semja sig frá verkum en karlar til þeirra,“ segir í erindi Ingólfs. Í því er meðal annars horft til þeirra breytinga sem átt hafa sér stað að undanförunni í efna-hags-, atvinnu- og menntamálum og hvernig slíkar breytingar geta haft áhrif á fjölskyldulíf fólks.

Að erindinu loknu mun Brynhildur G. Flóvenz, lektor í lögfræði og formaður jafnréttisnefndar Háskóla Íslands, stýra umræðum.



ELDHUGI ÁRSINS Páll Theódórsson er 13. einstaklingurinn sem hlýtur viðurkenninguna Eldhugi ársins hjá Rótarýklúbba Kópavogs. Hann lauk námi í eðlisfræði frá Hafnarháskóla 1955 með kjarneðlisfræði sem sérgrein en meginviðfangsefni hans hafa verið mælingar á geislavirkum efnum og hefur hann skipað sér í fremstu röð á því sviði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

RÓTARÝKLÚBBUR KÓPAVOGS: PÁLL THEÓDÓRSSON ER ELDHUGI ÁRSINS 2009

## Ari fróði ekki heilagur maður

„Við sjáum til hvort sagan breytist. Kannski staðfestir hún tímatal Ara fróða, en mér er ljóst að það stendur föstum fótum í Íslandssögunni þótt engin afgerandi sönnun sé fyrir því. Það er eins og tímatal hans komi úr Biblíunni og ekki megir ræða það, en ég býð spennur eftir frekari umræðu. Það rekur mig áfram,“ segir eðlisfræðingurinn Páll Theódórsson sem í liðinni viku var valinn Eldhugi ársins 2009 af Rótarýklúbba Kópavogs.

Páll á hugsanlega eftir að sýna fram á að saga Íslandsbyggðar sé 150 árum lengri en tímatal Ara fróða segir, því aldursgreiningar með kolefni-14 aðferðinni á sýnum frá fornleifarannsóknunum í Kvosinni og á Heimaey gáfu sterka vísbendingu í þá átt.

„Í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar var grafið í Kvosinni 1974, og sama áratug var uppgroftur í Heimaey. Þá var í fyrsta sinn aldursgreindur mikill fjöldi sýna, en niðurstöður bentu til byggðar á báðum stöðum milli áruna 700 og 720.

Þegar forstöðumaður aldursgreiningarstofnunar sá þennan óþægilega háa aldur kom hún með tilgátu um hvað gæti truflað mælingar á Íslandi, aðallega til bjargar Ara fróða, en sú tilgáta var afar langsótt og hefur síðan verið hafnað af forstöðumönnum aldursgreiningastöðva í Kaupmannahöfn og Þrándheimi,“ segir Páll sem fór vandlega í gegnum niðurstöðurnar eftir að ósamræmi tímatalans kom í ljós og sýndi þær fyrst myndrænt í

Lesbók Morgunblaðsins 1992, en við litlar undirtektir.

„Þá varð mér ljóst að skoða þyrfti málið töluvert betur og kafaði alldjúpt í það næstu árin. Fann ég þá enga veilu í mælingunum heldur þvert á móti ný gögn sem styrktu áreiðanleika þeirra, og skrifaði um það grein í Skírni 1996, því þar taldi ég mig ná best til þeirra manna sem málið varðaði, sagnfræðinga og fornleifafræðinga. Eftir stóð þá staðhæfing á móti staðhæfingu; Ari fróði á móti nýju aldursgreiningunni,“ segir Páll sem í Skírni benti á að hægt væri að komast til botns í þessu máli með því að aldursgreina fleiri sýni með aukinni nákvæmni.

„Nokkrum árum seinna hannaði ég, með Guðjóni Inga Guðjónssyni eðlisfræðingi í Svíþjóð, tæki til að mæla radon í vatni. Fljótlega sá ég að tækið mátti nota með minniháttar breytingum við nákvæmar aldursgreiningar og síðan höfum við smíðað sams konar tæki, en með því að hanna þau sjálfur getur maður skraddarasaumað þau að verkefninu,“ segir Páll um tæki þeirra Guðjóns sem vegur aðeins 30 kíló í samanburði við 1000 kílóa sambærileg mælitæki og kostar miklum mun minna en erlend aldursgreiningatæki. „Og þar sem mæling þarf að taka hátt í viku til að ná yfstrustu nákvæmni hafa menn ekki efni á að mæla svo lengi, nema alveg sérstök sýni. Okkar tæki er því grundvöllur fyrir því að við getum lagst í þetta verkefni af svo miklum metnaði,“ segir Páll sem nú

starfar sem frumkvöðull og verkefnisstjóri samvinnuverkefnis Raunvísindastofnunar Háskólans, Skógræktar ríkisins og aldursgreiningarstofu í Póllandi um aldursgreiningu 200 kola-grafa frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar.

„Verkefnið hefur tvíþættan tilgang; að kanna elstu búsetu á Íslandi og svo eyðingu skóga. Við erum nú komnir með tækin í endanlegt form og ég býnn að prófa mjög ítarlega nákvæmni og stöðugleika, sem er mikilvægt því við stefnum að nákvæmni sem gerist best í heiminum. Fyrsta sýnið var sent utan í vikunni, en það er úr pólskri eik þar sem teknir eru áhringir frá árunum 740 til 750, en alls er ég með tuttugu þannig sýni sem spanna tvær aldir,“ segir Páll og útskýrir frekar að hann byrji á þessum sýnum því í þeim séu mælingar sem grundvöllur allra aldursgreininga byggja á um heim allan síðastliðna tvo áratugi.

„Nú er ég því að kvarða tækin mín, en fyrst og fremst að sannprófa nákvæmna til að hafa í höndunum eitt-hvað sem enginn getur efast um að sé rétt mælt. Fljótlega mun ég svo flytja mælingarnar niður í dýpsta hluta Hvalfjarðarganga þar sem Spölur gerði lítinn klefa fyrir mig í vegginn, en þar losna ég við truflun sem kemur á yfirborðinu frá geimgeislum. Næstu eitt til þrjú árin vonast ég svo til að fá þær upplýsingar sem við sækjumst eftir, en eftir það verðum við að sjá hvað sagan segir.“

thordis@frettabladid.is



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Friðdóra Gísladóttir**

frá Arnarnesi í Dýrafirði, Bólstaðarhlíð 45,

verður jarðsett frá Áskirkju þriðjudaginn 17. mars 2009 kl. 15.00.

Birna Haukdal Garðarsdóttir	Magnús Jóhann Óskarsson
Garðar Magnússon	Helle Magnússon
Katrín Magnúsdóttir	Þorólfur Sigurðsson
Friðdóra Magnúsdóttir	Rafn Magnús Jónsson
og barnabarnabörn.	



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts föður míns, stjúpfaður og tengdafaður,

**Sæmundar Magnússonar**

Seljahlíð, áður til heimilis í Hátúni 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks og starfsfólks Seljahlíðar fyrir mjög góða umönnun á liðnum árum. Jarðsett verður í kyrriþey.

Ívar Sæmundsson	Lúdvík Andreasson
Guðný Hinriksdóttir	
og fjölskylda.	



**STURTUHAUS** sem stíflast hefur með tímanum má gera eins og nýjan með því að leggja hann í bleyti í kók yfir nótt. Kókið leysir upp það sem safnast hefur fyrir innan í honum svo fullur kraftur fæst á vatnið á ný.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Sérlega þægilegir dömuskór úr leðri, skinnfóðraðir



Stærðir: 36 - 41  
Litir: rautt, brúnt  
Verð: 9.685.-



Stærðir: 36 - 41  
Litir: Rautt, brúnt og svart  
Verð: 9.685.-



stærðir: 37 - 41  
Litur: svart  
Verð: 14.450.-

**Misty skór**  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf  
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070  
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14  
www.misty.is

„...fyrst á visir.is“



**visir.is**  
...ég sá það á visir.is



**Auglýsingasími**  
**512 5050**  
- Mest lesið



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sveinn Ólafur Ólst upp í Hólahverfi Efra-Breiðholts ásamt sterkum vina- hóp sem hann segir fyrir algjöra tilviljun hafa lent í listageiranum, eins og hann sjálfur í leiklist, Mugison í tónlist og Davíð Örn Halldórsson í myndlist, en myndin í bakgrunni er einmitt eftir æskufélagann Davíð.

## Skeiðarvopn nýja Íslands

Það loðir við þá sem slitu barnsskóm í Breiðholti að vera kallaðir Breiðholtsvillingar og víst að þar er frjósamur jarðvegur kröftugra einstaklinga sem leggja sitt svo um munar af mörkum til samfélags síns.

„Ég kalla þetta skeiðina sem felldi ríkisstjórnina í lok janúar, en þá var ég staddur á Austurvelli þar sem allir héldu takti en vantaði eitthvað til ásláttar. Rétti mér þá þessa skeið að heiman mín heitelskaða eftir að hafa sporðrennt skyri úti undir berum mótmælalhimni, og hana notaði ég næstu tvo sólarhringana til að hamra á allt sem gaf frá sér hljóð,“ segir leikarinn Sveinn Ólafur Gunnarsson um uppáhalds heimilsgagn sitt, sem einnig var hans framlag í búsaðaldabyltingunni frægu. „Skeiðin var tilfallandi, svinvirk- aði og passaði vel þemanu. Appel-

sínuguli borðinn kom seinna, þegar menn höfðu tekið upp á grjótkasti, en þá kom barn aðvífandi og dreifði borðum, sem ég vafði utan um skaft skeiðarinnar til að und- irstrika að skeiðarmótumáli mín væru friðsamleg,“ segir Sveinn Ólafur um spóninn sem nú skipar sögulegan sess á heimili hans. „Skeiðin verður aldrei framar notuð til matseldar en lendir senn í ramma og uppi á vegg. Mér finnst ábyrgðarhluti hjá listamönnum að mótmæla ekki, því stöðu sinnar vegna er fólk misjafnlega í stakk búið til að geta tjáð sig frjálsglega. Því er skylda listamanna að tjá sig

á svona stundum, enda fylktu þeir liði og sinntu hlutverki sínu vel,“ segir Sveinn Ólafur um krefjandi, en fallega mótmælaupplifun sína. „Ég hefði ekki trúað að saklaus skeið gæti fellt ríkisstjórnina, en þetta er gott dæmi um litla þúfu sem velti þungu hlassi. Ég upplifði aldrei þreytu í þessum slætti, því þungur takturinn varð eins og magnaður seiður og fyllti á ein- hverja aukatanka sem gáfu enda- lausa orku. Ég er annars lítið fyrir þrjá heima fyrir og það er ekki nema að góð saga sé á bak við hlut- inn að hann nær verulegum sessi hjá mér.“  
thordis@frettabladid.is

**Tæki færi** í mars

**Stavanger- linan**

Vandaðir lampar á kostakjörum. Með færanlegum armi og innbyggðum dimmanlegum rofa. Margir litir.

**Gólf lampi** – AN19632-xx.  
Tækifærisverð: **11.900 kr. stgr.**

**Borð lampi** – AN18632-xx.  
Tækifærisverð: **7.900 kr. stgr.**

**SMITH & NORLAND**  
Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

Fjöldi annarra girnilegra tilboða!

**Gólfhitakerfi**  
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur  
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

**Hringas ehf.**

Hringdu í síma

**512 5060**

ef blaðið berst ekki



**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## BÍLAR & FARATÆKI

**Bílalíf.is**  
Bilasala Matthiasar

**VILTU SELJA??**

**STADGREIÐSLA Í BODI!**

**STADGREIÐSLA Í BODI**  
Óskum eftir að kaupa Toyota Corolla árg.'93-'01 ásamt fleiri tegundum af sömu árgerð. Upplýsingar í síma 562-1717 og 6673769 hjá Bílalíf, Kletthálsi 2. bilalif@bilalif.is

**Bílalíf**  
Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
Opið virka daga 10-18 laug.  
12-16.  
[www.bilalif.is](http://www.bilalif.is)

**Hringiðan**  
Internetþjónusta

Hringdu núna  
**525 2400**  
[www.vortex.is](http://www.vortex.is)

**VEF & LÉN hjósingar**

Verð frá  
**990.-** kr.

**Hringiðan**  
Hringdu núna í síma 525 2,  
[www.hringidan.is](http://www.hringidan.is)

**TOYOTA SELFOSSI**

Enn óskum við eftir Hilux bifreiðum frá 50.000 krónur og uppi 650.000 krónur. Bensín eða Dísel skoðum bæði! Erum með kaupendur... Einnig óskum við líka eftir Land Cruiser 90 fyrir 700.000 krónur og minna og sömuleiðis Land Cruiser 60 1986 árg og yngri. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND!

Óskum eftir Hiace bifreiðum frá árg 1990 til 2000. Helst Bensín en skoðum Dísel líka! 4WD eða 2WD skoðum bæði! Erum með kaupendur... Einnig óskum við Carinu og Corollu Sedan árgerð 1997 og eldra. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND!

Óskum eftir MMC L200 Pallbilum frá árg 1997 til 2001! Frá 200.000 kr til 600.000 kr. Erum með kaupendur... ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND!

**Toyota Selfossi**  
Fosnes 14, 800 Selfoss  
Sími: 480 8000  
<http://www.toyotasefossi.is>

**Takk!**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
[www.help.is](http://www.help.is)

**100 bílar.is**

RENAULT MEGANE BERLINE, árg.8/2005, ek 65þús.km, beinsk, rafm rúður og speglar, cd, ofl. Ásett verð 1490 þús.kr, Tilboð 1190 þús.kr!!!

**100 bílar ehf**  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)

## Bílar til sölu

VW Bora 2.0 Bsk '99 ek. 65 þús. Silfur, Samlitadur. Búinn að vera frúarbill frá upphafi. Verð: 590 þús. Uppl. í s. 661 8981

Toyota Corolla STW '95. 230þ.km. Góð sumar-og vetrardekk. 140þús. Uppl. í síma 856 1852.

## 0-250 þús.

**Sjálfskiptur - Tilboð 195 þús!**

Hyundai Accent árg. '99. 3 dyra. Sjálfskiptur. Ek. 120 þ. Smurbók. Ný smurður. Skoðaður 2010. Verð 195 þ. S. 891 9847.

**CARINA SK.2010 TILBOÐ**

Toyota carina E árg.97 ek 186 þús,1600 5 girá,ný skoðuð 2010, dráttarkrókur, heilsaársdekk,cd ofl.ásett verð 370 þús TILBOÐ 220 þús.s.841 8955

## Bílar óskast

Við stórlæknum sölukostnað!  
Skráðu bílinn hjá okkur - fritt!

**NETBÍLAR**  
[www.netbilar.is](http://www.netbilar.is)

## Nú er tími notaðra bíla

Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900,- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

Óska e. að kaupa gamla Toyota Corolla, Hiace og Turbo diesel. Nán.uppl.í s.661 2222.

Óska eftir Hyundai i30 s. 8668750

## Sendibíll óskast

Óska eftir sendibíl. Háþekju, millilengd, t.d. Mb sprinter eða álkum bíl. S. 896 6655.

## Óska eftir bíl.....

á allt að 150þúsund má þarfnast lagfæringar uppl. 894-6383

**Staðgreiðsla í boði. 200-500 þ.**

Átt þú bíl/jeppe árg 2000 eða yngri, ek undir 140.þ, Sem þú ert til í að láta fara töluvert undir gangverði? Endilega hafðu samband á BFS@VISIR.IS

## Jeppar

38" breyttur Nissan Patrol árg 2000 ek. 152 þús,ssk, með leðri og lúgu, VHF talstöð, nýleg dekk, nýskoðaður 2010, tölvukubbur,loftdæla, ofl. skipt um vél í 50 þús.km og nýleg túrbína. Verð 2990 Tilboð 1790 þús. Uppl í síma 660 1334 eða 691 4441

## Vörubílar

**www.vagnasmidjan.is**  
Eigum á lager palla og skúffur á vörubíla og vagna. Smíðum alls konar palla. Gæði og gott verð. Leiðið upplýsinga og tilboða. Myndir og nánari lýsingar á heimasíðu okkar: vagnasmidjan.is Eldshöfða 21 R. S. 587 2200 & 898 4500.

## Fjór hjól

KYMCO. HJÓLIÐ SEM HEFUR FARID SIGURFÖR UM HEIMINN. GÆÐI Í GEGN OG FRÁBERT VERÐ. VDO EHF BORGARTÚN 36 588 9747 [www.vdo.is](http://www.vdo.is)

## Hjólbarðar

**MAXI GRIP**

**ÍSNAGLAR**

Litið máli að skurfa í dekkinn fyrir veturinn og úr að vori.

Fróm lengd 11,15,18,25 og 30 mm.

**Tilboð í vetrariök!**

Kretthálsi 16, Reykjavík  
Sími 588 2400, vetraris@velaveri.is

Til sölu fjórar 6 gata „18 felgur með dekkjum. Notað. Undir F 150. Einnig tölvukubbur. Uppl í s. 691 2900.

## Varahlutir

**ARB LOFTLÆSINGAR TILBOÐSVERÐ**

**Bilabúð Benna**

Sími 590 2000 - [www.benni.is](http://www.benni.is)

**Plasthlífar á flestar gerðir bíla**

Arctic Trucks  
Sími 548 4980

## Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ [www.bilapartar.is](http://www.bilapartar.is)

## Japanskar Vélar Varahlutasala

Erum að rífa MMC Pajero/Montero '00-'05. L200/Izuzu pick up '00-'07. Susuki Vítara/Liana/Swift '00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. '00-'06. Nissan pickup/Almera '00-'06. VW/skoda '00-'05. Mazda/Ford '00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet '05-'06. Citroen C2/C3 '02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284.

## 555 6666

Erum að rífa Benz S Class, VW Golf, Fiat Punto, Hyundai Getz, Bora, Polo, Passat, Caddy, Suzuki Swift, Honda Jazz, Toy. Avenis, Peugeot 206 & Boxer, Citroen Berlingo, Hyundai H1 dies-el, MAN dráttarbil 2005 og margt fl. Kaupum einnig bíla til niðurrífs. S. 555 6666 & 615 0888.

## Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrífs.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

## Viðgerðir

**Bilaviðgerðir**

Smástöð, hjólbarðarþjónusta, bön og þvottur, bremsuviðgerðir, rafþjeymar og allar þenur.

SBD Sæbúi 4, S. 562 6066.

**Almennar viðgerðir fyrir jeppa og fólksbíla**

Gerum verðtilboð

Arctic Trucks  
Sími 548 4980

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Atiö Þrij & Vinheld**

Hreingerningar • Flutningsþjónusta  
Gólfbónun • Teppahreinsun • Húsgagnahreinsun

Sími: 662 0 662

Hreingerningajónusta  
Þvegillinn  
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþjónusta - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þríf. Föst verðtilb. Flutningsþjón Bergþóru, s. 699 3301.

## Garðyrkja

Það að bera eitthvað í garðinum?

**GARDAR BEST**

Sími 698 9334 - [gardarbest.is](http://gardarbest.is)

**Ahliða**  
garðþjónusta

**Garðþjónusta Íslands ehf**

Tökum að okkur ahliða garðvinnu & hreinsun. Klippum og þellum tré, jarðvegsskiptum, hettuleggjum, þökuleggjum, beðahreinsunum og fleira.

**Vönduð vinnubrögð**  
- Hljórfur í s. 844 6547  
- Róbert í s. 866 9767

**GARÐLIST**  
NÚ ER TÍMINN TIL AÐ KLIPPA TRÉ OG RUNNA

A veturinn er góður tími til að klippa tré og runna og birta trjástubbana. Garðlist tekur að sér hreinsun garða.

**554 1989**

Öl garðvinnu á einum stað [WWW.GARDLIST.IS](http://WWW.GARDLIST.IS)

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

Felli tré, klippi, grísa, snyrti runna og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. s. 698 1215.

Trjáklippingar. Nú er rétti tíminn til trjáklippinga. Felli tré og klippi runna. Jónas Freyr Harðarsson, Gróður og Garðar. S. 697 8588.

## Runnaklippingar

Trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Eiríkur Sæland garðyrkjafræðingur. S. 848 1723.

## Bókhald

**Skattframtöl 2009**  
Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila frá 5.500 kr. Ég er viðskiptafræðingur Cant.Oecon. Með mikla reynslu. Ódýr og góð þjónusta. Kíktu á [www.skatt.is](http://www.skatt.is) S:661-3703.  
S. 661 3703. [www.skatt.is](http://www.skatt.is)

HSE Bókhald & Uppgjör ehf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta

[www.hsebokhald.is](http://www.hsebokhald.is)  
hsebokhald@hsebokhald.is  
Sími: 6926910

## Framtal 2009-Ódýr Þjónusta

Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og einstaklinga með rekstur. Sæki um viðbótarfrest. Vönduð vinna! Opið um helgar. Framtalsþjónustan s. 533 1533.

## Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.

Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 [www.account.is](http://www.account.is)

## FRAMTALSPJÓNUSTA

Fyrir einstaklinga, einstaklinga með rekstur og félög. Bókhald, VSK uppgjör. Vönduð vinna - hagstætt verð - mikil reynsla. S. 517-3977. netf: [framtal@visir.is](mailto:framtal@visir.is)

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

Gjaldprotaráðgjöf, líf eftir gjaldprot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s: 771 45 45.

**ATOZ**

Skattframtal 2009. Einfalt framtal kr. 3.000. Framtalsþjónusta HR sími 6634141.

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig vefnum. Úti og inni. S. 869 3934.

## Búslóðaflutningar

### Búslóðaflutningar

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verði. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is)

## Húsviðhald

**RemontMax ehf.**  
Spórslum - Málum - Flisaleggjum - Þrif húsa. Góð tilboð/verð. Uppl. í s. 849 9301.  
[www.flisarogmalun.is](http://www.flisarogmalun.is)

## Fagþjónusta - Allt á einum stað

Getum bætt við okkur í flisaleggn, múrverki, pípuþjónu, málningu, parketlög, glerisetningu og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.

**Parketslípun**  
sólfallaslípun | parketlagning

551 1309 / 690 5115  
golfist@golfist.is  
[www.golfist.is](http://www.golfist.is)

**list**

**E.H. MÜR**  
ÁRATUGAREYNSLA Í HÚSAVIÐGERÐUM.

UPPL. Í SÍMA  
**697 8763**

567 7570 892 2544

**BROT BORTÆKNI**

REKING • REYNSLA  
[www.bortaeigni.is](http://www.bortaeigni.is)

**STEYPUSÖGUN KJARNABORUN MÚRBROT**  
**567-7570**

Faglaerður pípari getur bætt við sig vefnum í pípuþjónu. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069.

## Glugga- og hurðasmíði

Smíðum glugga, hurðir og opnanleg fög í ýmsum stærðum og gerðum, bæði í ný og gömul húsa. Uppl. í s. 862 7894.

## Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir, breytingar og aðra almenna smíðavinnu, utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gölf. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

## Húsviðhald!

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

# Parft þú að **STÆKKA** eða **MINNKA** við þig? ...nú eða bara selja beint!

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali  
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500  
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.

**Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa þrjú öflugir löggjltir fasteignasalar með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmunum þína að leiðarljósi.



# fasteignir

16. MARS 2009

## Drápuhlíðargrjót við arin

Fasteignamarkaðurinn hefur til sölu eða leigu nánast algjörlega endurnýjað 262,5 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum við Hrauntungu í suðurhlíðum Kópavogs.

**K**omið er inn í forstofu eða hol, flísalagt og með stórum fataskápum. Stofurnar eru rúmgóðar og bjartar, parketlagðar og með gluggum niður í gólf að hluta. Gasarinn er í stofu og opinn í borðstofu og er flísalagt gólf í kringum hann. Skorsteinn er hlaðinn Drápuhlíðargrjóti að hluta. Eldhúsið er stórt, parketlagt og með nýjum hvítum og tekkinnréttingum. Stór eyja er í eldhúsi með flísalögðu borði og á henni er borðaðstaða. Sjónvarps-hol er inn af holi og er það parketlagt.

Svefngangur er parketlagður. Hjónaherbergi er parketlagt og með fataskápum á heilum vegg. Barnaherbergi er parketlagt. Baðherbergi er með glugga, mósaiklagt í gólf og veggi og bæði með baðkari og sturtuklefa.



Húsið er mikið endurnýjað einbýli á tveimur hæðum.

Á neðri hæð er sérinngangur en einnig er innangengt um steyp-tan parketlagðan stiga. Komið er inn í flísalagða forstofu með fataskápum. Þrjú stór parketlögð herbergi, tvö með skápum. Skrifstofuherbergi sem einnig er parketlagt. Baðherbergi er flísalagt í gólf og veggi og með stórum flísa-

lögðum sturtuklefa með tveimur sturtuhausum úr lofti. Stórt flísalagt þvottaherbergi með glugga og geymslu innaf. Góðar innréttingar eru í þvottaherbergi. Gangur er flísalagður. Lítið mál er að útbúa bílskúr í einu stóru herbergjanna.

